



Alþingi  
Erindi nr. P 131/932  
komudagur 2.3.2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum, 48. mál sem lagt hefur verið fram á 131. löggjafarþingi 2004 - 2005, nánar tiltekið þingskjal 48.

Í greinargerð kemur fram að frumvarp þetta, ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, sem lagt er fram samhliða þessu, miði að því að taka á alvarlegustu ágöllum í nágildandi lögum um útlendinga og réttindi þeirra.

Þó útlendingar gegni veigamiklu hlutverki í íslensku menningar- og efnahagslífi eru þeir ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf sem setur þeim afar þröngar skorður til dvalar og atvinnu. Í 13. gr. nágildandi laga er kveðið á um heimild til að veita aðstandendum útlendinga dvalarleyfi. Aðstandendur samkvæmt ákvæðinu eru maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri. Kveðið er á um að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði skuli vera tryggð. Þegar niðji útlendinga nær 18 ára aldri verður löggjöfin afar íþyngjandi því til að fá dvalarleyfi verður hann sjálfur að uppfylla fyrirnefnd skilyrði um framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði. Hann verður þá annað hvort að stunda vinnu eða sýna fram á að 12 mánaða framfærsla sé tryggð með bankainnistæðum. Fæst ungmenni á Íslandi hafa slík fjárráð og getur þetta skilyrði laganna því leitt til þess að þau neyðist til að hætta námi og jafnvel flytjast til annars lands fjarri fjölskyldu sinni. Mannréttindasáttmáli Evrópu, 8. gr., verndar friðhelgi fjölskyldu og einkalífs en þó Mannréttindadómstóll Evrópu hafi í dómum sínum viðurkennt rétt ríkja til að takmarka með lögum fjölda innflytjenda og setja þannig ákveðnar skorður við rétti útlendinga til fjölskyldulífs verða slíkar skerðingar engu að síður að vera nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi og setur dómstóllinn þá skilyrði um brýna þjóðfélagslega nauðsyn og að gætt sé meðalhófs við beitingu úrræða. Í þessu samhengi telur Mannréttindaskrifstofa Íslands ákvæði 11. gr. í núverandi mynd óhóflega íþyngjandi fyrir ungmenni af útlendum ættum og fjölskyldur þeirra og eðlilegt að framvísun yfirlýsingar foreldra eða framfæranda nægi til að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé talið tryggt. Þetta á einnig við um ættmenni eða maka að feðgatali. Þá ber að nefna að hátt brotfall ungmenna af erlendum uppruna úr framhaldsskólum er eitt helsta áhyggjuefnið þegar rætt er um málefni útlendinga. Það er því óviðunandi að löggjöf um útlendinga stuðli óbeint að því gera þessum ungmönnum, sem þegar eiga undir högg að sækja í skólakerfinu, erfiðara um vik að afla sér menntunar.



Fyrirliggjandi frumvarpi er einnig ætlað að rýmka löggjöf í þá átt að við sérstakar aðstæður megi tryggja framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegri aðstoð eða með öðrum fullnægjandi hætti. Er það vel því Mannréttindaskrifstofu Íslands eru kunnug dæmi þess að útlendingar hafi ekki leitað félagslegrar aðstoðar af ótta við að eiga brottvísun úr landi á hættu jafnvel þótt þeir hafi verið komnir á vonarvöl. Mannúðarsjónarmið hljóta að ráða því að eðlilegt teljist að útlendingar megi þiggja félagsaðstoð ef sérstaklega stendur á, án þess að stofna með því framtíð sinni á Íslandi í hættu. Í þessu sambandi ber sérstaklega að nefna konur sem komið hafa til landsins og fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar. Sumar þessara kvenna hafa þurft að þola ofbeldi af hendi maka sinna en eiga ekki í nein hús að venda og óttast brottvísun úr landi fari þær frá mökum sínum. Eðlilegt er að konum sem svo er ástatt um sé veitt dvalarleyfi og að tryggja megi þeim framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegri aðstoð eða öðrum fullnægjandi hætti.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur farið yfir frumvarpið og ekki verður séð að ákvæði þess fari á neinn hátt í bága við mannréttindalög, hvorki ákvæði íslenskra laga né alþjóðalaga; þvert á móti miðar það að því auka réttindi útlendinga. Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar því efni frumvarpsins og lætur í ljós þá von að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Reykjavík, 1. mars 2005.

Guðrún D. Guðmundsdóttir, frkv.stj.



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ*  
*komudagur.*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum, 47. mál sem lagt hefur verið fram á 131. löggjafarþingi 2004 - 2005, nánar tiltekið þingskjal 47.

Í greinargerð kemur fram að frumvarp þetta, ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, sem lagt er fram samhliða þessu, miði að því að taka á alvarlegustu ágöllum í núgildandi lögum um útlendinga og réttindi þeirra.

Útlendingar gegna veigamiklu hlutverki í íslensku menningar- og efnahagslífi en þó íslenskt atvinnulíf hafi ríka þörf fyrir starfskrafta útlendinga eru þeir ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf sem setur þeim afar þröngar skorður til dvalar og atvinnu.

Núgildandi lög um atvinnuréttindi kveða á um veitingu tímabundins atvinnuleyfis til atvinnurekenda til að ráða útlendinga til starfa. Vinnuveitandi hefur öll tromp á hendi, komi til starfsloka útlending án samþykkis hans, á starfsmaðurinn brottvísun á hættu. Valdaójafnvægi þetta leiðir til að útlendingar geta neyðst til að sætta sig við brot á kjarasamningum, bæði hvað varðar laun og önnur starfskjör. Mannréttindaskrifstofan þekkir einnig dæmi þess að vinnuveitandi telji starfsmanni trú um að tilskilin leyfi séu fyrir hendi en síðar kemur í ljós að svo er ekki og útlendingurinn, en ekki vinnuveitandinn, geldur fyrir.

Fyrirliggjandi frumvarp miðar m.a. að því að einstaklingnum en ekki atvinnurekanda verði veitt tímabundið atvinnuleyfi og að útlendingi verði jafnframt unnt að ráða sig til starfa á öðrum vinnustað, innan tilskilins tíma, komi til starfsloka. Mannréttindaskrifstofan telur að nái frumvarpið fram að ganga muni staða erlendra starfsmanna breytast til hins betra og að komið verði í veg fyrir að vinnuveitendur geti misnotað aðstöðu sína, eins og nú tíðkast, í krafti atvinnuleyfisins.



Fyrirliggjandi frumvarp miðar einnig að því að komið verði til móts við erlendar konur er fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar og orðið að þola ofbeldi á afhendi maka. Við þessar aðstæður telur Mannréttindaskrifstofan eðlilegt að víkja megi frá almennum skilyrðum fyrir veitingu ótímabundins atvinnuleysis og að konum sem svo er ástatt um sé veitt dvalarleyfi og að tryggja megi þeim framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegri aðstoð eða öðrum fullnægjandi hætti. Vísast hér til umsagnar skrifstofunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96/2002, með síðari breytingum, þingskjal 48, frá 1. mars 2005.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur farið yfir frumvarpið og ekki verður séð að ákvæði þess fari á neinn hátt í bága við mannréttindalög, hvorki ákvæði íslenskra laga né alþjóðalaga; þvert á móti miðar það að því auka réttindi útlendinga. Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar því efni frumvarpsins og lætur í ljós þá von að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,  
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Reykjavík, 1. mars 2005.

---

Guðrún D. Guðmundsdóttir, frkv.stj.